



Hafnarfirði 18. september 2012

Til: Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, fyrirtækja og félagasamtaka í Hafnarfirði

Frá: Öldungaráði Hafnarfjarðar, Félagi eldri borgara í Hafnarfirði og Félagi íslenskra sjúkraþjálfara

Efni: Aðkoma bæjaryfirvalda, fyrirtækja og félagasamtaka í Hafnarfirði að verkefninu „Brúkum bekki“

Á vörfundum Öldungaráðs Hafnarfjarðar 5. maí sl. var undirritað samkomulag um verkefnið, Brúkum bekki, sem er að stuðla að frekari hreyfingu eldri borgara með því að settir verði upp bekkir með 250 til 300 m. millibili með því markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara og gera þeim kleift að fara út að ganga og geti sest niður á bekki og þannig aukið á gæði hreyfingar í sínu nær-umhverfi.

Samstarf er hafið við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði um að kortleggja gönguleiðir og hvar eru bekkir og hvað þarf marga bekki til viðbótar og er sú vinna þegar hafin hjá bænum.

Fyrir liggur tillaga um þau göngusvæði sem leggja beri áherlsu í forgang og til að uppfylla þær gönguleiðir þarf rúmlega 20 bekki.

Í framhaldi er leitað til bæjarstjórnar, fyrirtækja og félagasamtaka í Hafnarfirði að koma að verkefninu með okkur með því að fjármagna kaup á bekkjum. Hver bekkur verður merktur verkefninu og gefenda og mun félag sjúkraþjálfara sjá um merkingu og greiða kostnað við merkingu

Málmsteypan Hella í Hafnarfirði framleiðir bekkina og hefur ákveðið að koma að verkefninu með okkur og leggja til ellefta hvern bekk sem keyptur verður í gegnum okkur í verkefnið. Málmhluti bekkjanna er úr áli. Verð á bekk er kr. 109.000

Með von um gott samstarf við verkefnið „Brúkum bekki“

Gylfi Ingvarsson formaður Öldungaráðs Hafnarfjarðar

Jón Kr. Óskarsson formaður FEBH.

Kristján Björnsson v. formaður FEBH.

Kristinn Magnússon sjúkraþjálfari

Haraldur Sæmundsson sjúkraþjálfari

Allar nánari upplýsingar veitir

Gylfi Ingvarsson

gsm 896 4001

netfang gylfing@simnet.is